

Formleysi hljóðanna

Taktur, takttegund, tónn, tónhæð, tóntegund, hljómur, allt eru þetta huglæg verkfæri sem færa okkur nær því að geta unnið með hljóð og hlustun okkar, þetta eru manngerð verkfæri og með þeim opnast sá möguleiki að geta raðað upp hljóðunum líkt og raða megi bókasafni upp eftir liti kápu bóka, eða stafrófsröð, efnistöfum, stærð eða einhverjum öðrum leiðum. Þessir flokkar eru engin heilindi og mætti kalla skáldskap, en þau veita okkur möguleikann á því að lesa í tónlist, því flokkastærðirnar eru þekktar og mælanlegar. Út frá þessum forsendum reynist tónlistin ekki vera hvað sem er, hún afmarkast við þessar hugmyndir, sem og hugsunin um hana. En tónlist getur nefnilega verið hvað sem er. Það var á seinni hluta 20. aldarinnar sem endanleg afhjúpun á þessu fyrirbæri, tónlist, átti sér stað. Ekki þurfti flytjanda, ekki þurfti hljóðfæri, hlustunin var lykillinn, hlustunin var tónlistarlega athæfið. Einungis þurfti hljóð (meira segja í tvíræðni þess orðs) og virka hlustun áheyranda. Eftir þessa afhjúpun hafa tónskáld unnið ólíkt með hlustun áheyranda og efnistöf tónlistarinnar eru eins ólík og skáldin eru mörg og finna má í samtímanum ólíkar tónlistarstefnur og strauma, þar sem forsendur hennar sækja ekki alltaf í sama brunn og því sem skírskotað var til hér á undan. Þegar tónlistin inniheldur ekki hljóma, tóna og hendingar, eftir hverju á að hlusta, hvernig á að njóta? Tónlist er ekki endilega lengur upptekin af því að styðjast við þessi þekktu verkfæri og reynir á áheyrandann að komast að kjarnanum eða merkingunni svo hann geti að minnsta kosti gert sér kleift að njóta frá þeim forsendum ef hann gerir það ekki án erfiðis við fyrstu upplifun.

Hér reynir nefnilega á hugtakið læsi, sem er hugtak sem hefur verið að ryðja sér til rúms innan almenns skólastarfs í dag og er það orðið hluti af flest öllu námi að efla nemendur í læsi. Skilgreiningin á læsi er ekki bundin því að læra að lesa texta af blaði, heldur er það notað yfir hæfni einstaklings að geta rýnt í þau fyrirbæri sem fyrir hann ber. Að einstaklingur þrói með sér hæfni til að komast að kjarna hvers hlutar fyrir sig með því að rýna í hann. Það er ekki hlaupið að því að kenna læsi, enda byggir hún á reynslu af upplifunum og hæfni til ályktanna. En læsi má þó ekki rugla saman við lestur, enda lestur bundinn við skrifað tungumál og skilningi þar á. Þegar lestur er kenndur þá býr að baki fastmótað kerfi tákna og hljóða, en læsinu má beita á hvað sem er, tónlist og hlustun þess vegna. Læsi á tónlist og lestur í tónlist eru í dag orðnar jafnvígar leiðir að því að njóta hennar.

Að hlusta á tónlist í dag er orðinn hálfgerður leikur, þar sem skapast hefur svigrúm til þess að hlýða á tónlist á svo mörgum forsendum, efnistökin eru svo ólík, hægt er jafnframt að skapa sína eigin hlustun, nálgast hlutina á eigin forsendum. Til dæmis mætti einbeita sér við hlustun á sinfóníu eftir Beethoven, hvernig hugmyndir um hópa og einstaklinga kallast á innan hljómsveitarinnar, hvort hópar og sérstaka raddir gegni ákveðnu hlutverki sín á milli eða bara alls ekki.

Skúlptúristinn Joseph Beuys leit svo á að hlutum megi breyta með því einu að hugsa um þá á nýjum forsendum, það viðhorf til listarinnar og síns eigin starfs gerði honum kleift að sinna höggmyndalistinni

með því einu að varpa nýju ljósi á hluti sem þegar eru til, hann gat því hlaðið hluti merkingu með því að sviðsetja gjörning, sinnt kennslu eða haldið fyrirlestur. Svipaðar sögur má finna víðar innan listanna og meðal annars innan bókmenntanna hefur verið sagt að sögur Franz Kafka hafi náð að breyta því hvernig lesendur meðtaka sögur Charles Dickens.

Það eru þessir fjölmörgu möguleikar með ólíkar nálganir á tónlistina sem að kveikja áhugann, samsetning efnisskrár á tónleikum hefur heilmikla dýpt og fjölda möguleika þar sem hægt er að koma víða við. Efnisskráin breytist í ferðalag hlustunarinnar sem leiðir áheyrendur inná ólík efnistöð og þanka um miðilinn. Þessum jafn ómögulega miðli og hljóðin eru, því að tónlist getur nefnilega verið hvað sem er. Tónlist er leikur, hún er ekki afmörkuð af þekktum stærðum og möguleikum, hún er bundin við hljóðið og viljann við að hlusta innan formerkja, vera virkur hlustandinn þá stundina. Það er undir hverjum og einum að rýmka við sig og finna nýjar leiðir til þess að njóta tónlistar enn frekar, og það er heilmikil vinna og hark að vera tónlistarunnandi og ná tengslum við þær ólíku hugmyndir sem eru í gangi. En líkt og sagt er að *leikið* sé á hljóðfæri og að tónlist sé *leikin*, þá er komið að því að sagt verði héðan í frá að það sé *leikur* að hlusta.

Þráinn Hjálmarsson